

Strandabyggð
Ársreikningur
2021

Strandabyggð
Hafnarbraut 25
510 Hólmavík

Kt. 570806-0410

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun oddvita og sveitarstjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og áritun oddvita og sveitarstjórnar

Ársreikningur Strandabyggðar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 696,8 millj. kr. samkvæmt samanteknum ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 656,7 millj. kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,52% sem var lögbundið hámark þess. Álagningahlutfall fasteignaskatts í A-flokki nam 0,5% sem er lögbundið hámark. Í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið og í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,51% en lögbundið hámark þess er 1,32 auk heimildar sveitarstjórnar til að hækka álagningu A og C flokka um allt að 25%.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum ársreikningi A og B hluta var neikvæð um 39,5 millj.kr. en í A hluta var rekstrarniðurstaðan neikvæð um 28,0 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2021 nam 226,8 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 326,5 millj. kr.

Covid-19 heimsfaraldurinn sem gengið hefur yfir undanfarna mánuði hefur haft veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim þar með talið efnahagsleg. Fjallað er um áhrif faraldursins á rekstur sveitarfélagsins á árinu í skýringu 18.

Rekstur sveitarfélagsins hefur verið þungur undanfarin ár og hafa stjórnendur og sveitarstjórn leitað leiða til að tryggja rekstrarhæfi sveitarfélagsins og þar með getu þess til að standa við skuldbindingar sínar. Nánar er fjallað um þær aðgerðir í skýringu 19.

Ársreikningur Strandabyggðar fyrir árið 2021 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn.

Hólmavík, 2022.

Oddviti

Ársreikningur Strandabyggðar fyrir árið 2021 hefur hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2012 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í sveitarstjórn.

Hólmavík, 2022.

Sveitarstjórn:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til sveitarstjórnar Strandabyggðar.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Strandabyggðar fyrir árið 2021, sem hefur að geyma samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarstjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2021 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

Ábending

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins. Líkt og fram kemur í skýrslu og áritun oddvita og sveitarstjórnar þá er rekstrarniðurstaða A og B hluta neikvæð um 39,5 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi 2021, skuldir og skuldbindingar A og B hluta nema 862,5 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Veltufjárlutfall er 0,92 sem þýðir að skammtímaskuldir eru umfram veltufjármuni en hreint veltufé er neikvætt um 9,6 millj. kr.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sveitarfélaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð sveitarstjórnar og oddvita á ársreikningnum

Sveitarstjórn og oddviti eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber sveitarstjórn og oddvita að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Sveitarstjórn og oddviti skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun sveitarstjórnar og oddvita á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum við nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar rekstrareininga sem falla undir starfsemi sveitarfélagsins til að geta gefið álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar sveitarfélagsins og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu oddvita og sveitarstjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Hólmavík, 10. maí 2022.

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýr.	A hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020
Rekstrartekjur							
Útsvar og fasteignaskattur	4	301.834	287.380	288.162	300.884	286.700	287.505
Framlög Jöfnunarsjóðs	4	239.424	229.009	198.220	239.424	229.009	198.220
Aðrar tekjur	4	115.443	122.539	122.709	156.477	191.464	163.191
		<u>656.700</u>	<u>638.928</u>	<u>609.091</u>	<u>696.785</u>	<u>707.173</u>	<u>648.916</u>
Rekstrargjöld							
Laun og launatengd gjöld	5	378.305	365.670	348.615	402.838	387.370	374.070
Lífeyrisskuldbinding, hækkun	13	10.313	3.850	4.521	10.313	3.850	4.521
Annar rekstrarkostnaður		228.065	219.036	231.700	236.365	229.721	237.023
		<u>616.683</u>	<u>588.556</u>	<u>584.836</u>	<u>649.516</u>	<u>620.941</u>	<u>615.614</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir		40.017	50.372	24.255	47.268	86.232	33.303
Afskriftir	8	(23.558)	(26.800)	(24.106)	(32.733)	(36.994)	(33.711)
Rekstrarniðurstaða án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda		16.460	23.571	149	14.535	49.238	(409)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	6	(44.443)	(30.466)	(36.826)	(55.495)	(39.013)	(44.832)
Hlutdeild minnihluta í afkomu		0	0	0	1.485	0	754
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) ..	12	<u>(27.984)</u>	<u>(6.895)</u>	<u>(36.677)</u>	<u>(39.475)</u>	<u>10.225</u>	<u>(44.487)</u>

Efnahagsreikningur

		Eignir				
		A hluti		A og B hluti		
Skýr.		2021	2020	2021	2020	
Fastafjármunir						
Varanlegir rekstrarfjármunir:						
	Fasteignir og lóðir	8	643.753	625.585	670.461	652.812
	Hafnarmannvirki, veitu- og gatnakerfi	8	77.821	81.707	177.320	202.191
	Áhöld og tæki	8	41.661	51.994	62.426	76.075
			<u>763.235</u>	<u>759.287</u>	<u>910.208</u>	<u>931.078</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:						
	Stofnframlög og eignarhlutir í félögum ...	9	63.200	63.201	48.499	48.500
	Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs	10	20.452	21.340	21.379	22.321
			<u>83.652</u>	<u>84.541</u>	<u>69.878</u>	<u>70.821</u>
	Fastafjármunir		<u>846.887</u>	<u>843.828</u>	<u>980.086</u>	<u>1.001.899</u>
Veltufjármunir						
Skammtímakröfur:						
	Óinnheimtar tekjur	11	55.193	61.210	61.722	63.444
	Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki		80.943	86.995	0	0
	Aðrar skammtímakröfur		8.360	7.267	9.484	9.994
	Næsta árs gjald. v. Brúar lífeyrissjóðs	10	888	888	942	942
	Handbært fé	3i	36.967	149	37.179	149
	Veltufjármunir		<u>182.352</u>	<u>156.508</u>	<u>109.327</u>	<u>74.529</u>
	Eignir samtals		<u>1.029.239</u>	<u>1.000.336</u>	<u>1.089.413</u>	<u>1.076.427</u>

31. desember 2021

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		2021	2020	2021	2020
Eigið fé					
Eiginfjárreikningur	12	326.514	334.630	226.791	246.398
Hlutdeild minnihluta í eigin fé	12	0	0	90	1.575
		<u>326.514</u>	<u>334.630</u>	<u>226.881</u>	<u>247.973</u>
Skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbinding	13	53.321	43.810	53.321	43.810
Langtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir	14	527.549	489.317	690.330	645.617
		<u>527.549</u>	<u>489.317</u>	<u>690.330</u>	<u>645.617</u>
Skammtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir		0	19.500	0	23.963
Skuldir við eigin fyrirtæki		19.415	11.085	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	14	52.743	46.595	61.034	53.899
Skammtímahluti lífeyrisskuldbindingar	13	794	633	794	633
Aðrar skammtímaskuldir		48.903	54.767	57.053	60.533
		<u>121.855</u>	<u>132.580</u>	<u>118.880</u>	<u>139.028</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>702.725</u>	<u>665.706</u>	<u>862.532</u>	<u>828.455</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>1.029.239</u>	<u>1.000.336</u>	<u>1.089.413</u>	<u>1.076.427</u>

Sjóðstreymisýfirlit árið 2021

	Skýr	A hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020
Rekstrarhreyfingar							
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	12	(27.984)	(6.895)	(36.677)	(39.475)	10.225	(44.487)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir	8	23.558	26.800	24.106	32.733	36.994	33.711
Verðbætur		22.814	14.277	14.925	31.133	18.140	18.007
Söluhagnaður		299	100	(16.119)	4.450	100	(16.119)
Hlutdeild minnihluta		0	0	0	(1.485)	0	(754)
Hækkun á lífeyrisskuldbindingu	13	10.313	3.850	4.521	10.313	3.850	4.521
Veltufé frá (til) rekstrar		29.001	38.133	(9.244)	37.668	69.309	(5.120)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:							
Óinnheimtar tekjur, breyting		6.017	0	(19.603)	1.722	0	(21.125)
Skammtímakröfur, breyting		(1.094)	0	(853)	510	0	(12)
Skammtímaskuldir, breyting		(5.864)	0	(19.125)	(3.480)	0	(21.760)
Greiðslur lífeyrisskuldbindingar	13	(640)	(633)	(572)	(640)	(633)	(572)
Fyrirframgreiðsla til Brúar		888	888	888	942	942	942
Samtals		(693)	255	(39.265)	(946)	309	(42.527)
Handbært fé frá (til) rekstrar		28.307	38.388	(48.509)	36.722	69.618	(47.647)
Fjárfestingarhreyfingar							
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfj.	8	(8.738)	(8.612)	(35.599)	(1.995)	(12.762)	(44.587)
Söluverð rekstrarfjármuna		800	800	20.375	5.550	5.050	20.375
Eignarhlutur breyting		1	916	(7.508)	1	916	(7.508)
Fjárfestingarhreyfingar		(7.937)	(6.896)	(22.732)	3.556	(6.796)	(31.720)
Fjármögnunarhreyfingar							
Skuldir við lánastofnanir, breyting.....		(19.500)	0	(10.476)	(23.963)	0	(10.924)
Viðskiptastaða eigin ft, breyting		14.382	31.350	(11.357)	0	0	0
Tekin ný langtímalán	14	104.800	104.800	132.000	112.300	112.300	140.000
Afborganir langtímalána	14	(83.234)	(47.652)	(38.970)	(91.585)	(55.133)	(49.752)
Fjármögnunarhreyfingar		16.448	88.498	71.197	(3.248)	57.167	79.324
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		36.818	119.990	(44)	37.030	119.989	(44)
Handbært fé í ársbyrjun		149	149	193	149	149	193
Handbært fé í árslok		36.967	120.139	149	37.179	120.138	149

Skýringar

1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Strandabyggð er sveitarfélag á Ströndum og var fjöldi íbúa þess 426 þann 1. desember 2021. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Hafnarbraut 25, 510 Hólmavík.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningur Strandabyggðar fyrir árið 2021 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til samræmis við reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015 er settur fram rekstrarreikningur, efnahagsreikningur, sjóðstreymisýfirlit og viðeigandi skýringar.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð og Þjónustustöð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Hafnarsjóður, Vatnsveita, Fráveita, Veitustofnun, Félagslegar íbúðir og Sorpsamlag Strandasýslu ehf.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.

a. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyra útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við öflum rekstrarfjármuna. Frá kostnaðarverði dragast frá álögð gatnagerðargjöld og önnur framlög vegna stofnkostnaðar.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangvirði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Endurmat lóða og lendna er fært í eiginfjárreikning.

e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir.....	67 ár
Hafnarmannvirki.....	25 ár
Veitukerfi.....	33 ár
Gatnakerfi.....	10 - 25 ár
Áhöld og búnaður.....	5 - 7 ár

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

f. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu vegna virðisrýrnunar. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflökks.

g. Fyrirframgreiðsla til Brúar

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjörs A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og er framlag í lífeyrisaukasjóð gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

h. Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar skatttekjur, aðrar kröfur og verðbréf eru færð niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

i. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

j. Eignir utan efnahagsreiknings

Fjárfesting í landi og gatnaframkvæmdum fyrir ársbyrjun 2002, hefur áður verið gjaldfærð og er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

k. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar í árslok 2021. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 13.

l. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikningi í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

m. Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Skrá um ábyrgðir og aðrar skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings er birt í skýringu 16.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

n. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2021 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisýfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem sveitarstjórn hefur samþykkt. Ásamt fjárhagsáætlun Sorpsamlags Strandasýslu ehf. eins og hún var lögð fyrir stjórn. Gerð er grein fyrir upphaflegri samþykkttri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringum 22.

4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020
Útsvar og fasteignaskattur:						
Útsvar.....	265.212	250.200	251.648	265.212	250.200	251.648
Fasteignaskattur.....	29.352	30.180	29.575	28.403	29.500	28.917
Lóðarleiga.....	7.270	7.000	6.940	7.270	7.000	6.940
	301.834	287.380	288.162	300.884	286.700	287.505
Framlög Jöfnunarsjóðs:						
Framlag vegna fasteignaskatts..	34.770	31.900	33.882	34.770	31.900	33.882
Útgjaldarjöfnunarframlag.....	113.545	104.941	98.545	113.545	104.941	98.545
Framlög vegna grunnskóla.....	47.039	46.181	46.569	47.039	46.181	46.569
Framlög vegna fjárhagsstöðu....	30.000	0	11.524	30.000	0	11.524
Önnur framlög.....	7.900	39.150	7.700	7.900	39.150	7.700
	239.424	229.009	198.220	239.424	229.009	198.220
Skatttekjur samtals	541.257	516.389	486.382	540.308	515.709	485.725
Aðrar tekjur:						
Aðrar tekjur.....	115.443	122.539	122.709	156.477	191.464	163.191
Rekstrartekjur samtals.....	656.700	638.928	609.091	696.785	707.173	648.916

5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	307.760	295.006	283.652	326.885	310.261	303.469
Launatengd gjöld	71.754	68.664	64.945	77.109	75.109	70.529
Annar áfallinn launakostnaður....	(2.098)	1.100	(870)	(2.098)	1.100	(870)
Framlög vegna uppgjörs						
A deildar Brúar lífeyrissjóðs.....	888	900	888	942	900	942
Laun og launat.gjöld samtals	378.305	365.670	348.615	402.838	387.370	374.070

	2021	2020
Fjöldi starfsmanna í árslok.....	51	54
Fjöldi stöðugilda í árslok.....	38	38
Ársverk.....	41	40
Laun og launatengd gjöld sveitarstjóra og sveitarstjórnar.....	23.112	27.015

Skýringar, frh.:

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur	Áætlun 2021	Ársreikningur	Ársreikningur	Áætlun 2021	Ársreikningur
	2021	með viðaukum	2020	2021	með viðaukum	2020
Vaxtatekjur og verðbætur.....	875	4.000	1.346	894	4.000	1.353
Arður af eignarhlutum	438	2.724	341	438	2.724	341
Vaxtagjöld og verðbætur	(45.757)	(37.190)	(38.513)	(56.828)	(45.738)	(46.525)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals.....	(44.443)	(30.466)	(36.826)	(55.495)	(39.013)	(44.832)

7. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

	Ársreikningur	Áætlun 2021	Ársreikningur
	2021	með viðaukum	2020
	Mismunur		Nettó
Aðalsjóður:			
Skatttekjur	547.931	521.809	491.992
Félagsþjónusta	(33.263)	(31.175)	(35.084)
Heilbrigðismál	(811)	(810)	(800)
Fræðslu- og uppeldismál	(287.145)	(281.485)	(264.859)
Menningarmál	(13.773)	(13.600)	(12.506)
Æskulýðs- og íþróttamál	(81.889)	(75.250)	(72.689)
Brunamál og almannavarnir	(18.966)	(17.325)	(17.540)
Hreinlætismál	(6.556)	(6.900)	(9.484)
Skipulags- og byggingarmál	(11.021)	(11.650)	(9.360)
Umferðar- og samgöngumál	(3.592)	(6.250)	(13.639)
Umhverfismál	(8.516)	(7.275)	(11.857)
Atvinnumál	631	125	(4.660)
Sameiginlegur kostnaður	(66.806)	(61.475)	(64.932)
Breyting lífeyrisskuldbindingar og framlag vegna A deildar Brúar	(11.201)	(4.750)	(5.410)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(4.518)	(1.784)	(5.418)
Aðalsjóður samtals	505	2.205	(36.245)
A hluta stofnanir:			
Eignasjóður	(28.710)	(9.100)	(705)
Þjónustustöð	221	0	274
A hluti samtals	(27.984)	(6.895)	(36.677)
B hluta fyrirtæki:			
Félagslegar íbúðir	(733)	60	(147)
Hafnarsjóður	(7.510)	(1.540)	(5.651)
Vatnsveita	4.022	3.000	3.733
Veitustofnun	(6.172)	13.600	(3.305)
Fráveita	1.445	2.000	948
Sorpsamlag Strandasýslu ehf.	(4.028)	1	(4.141)
Hlutdeild minnihluta í afkomu	1.485	0	754
	(39.475)	10.226	(44.487)

8. Varanlegir rekstrarfjármunir

a. Bókfært verð

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Gatnakerfi	Áhöld og tæki	Samtals
A hluti				
Heildarverð 1.1.2021	969.665	97.163	91.913	1.158.741
Afskrifað áður	(344.079)	(15.456)	(39.919)	(399.454)
Bókfært verð 1.1.2021	625.585	81.707	51.994	759.286
Viðbót á árinu	8.284	0	453	8.738
Endurmat lóða og lendna	19.868	0	0	19.868
Selt á árinu	0	0	(1.099)	(1.099)
Afskrifað á árinu	(9.985)	(3.887)	(9.686)	(23.558)
Bókfært verð 31.12.2021	643.753	77.821	41.661	763.235
Samtals heildarverð 31.12.2021	997.817	97.164	91.266	1.186.247
Afskrifað samtals	(354.064)	(19.343)	(49.605)	(423.012)
Bókfært verð 31.12.2021	643.753	77.821	41.661	763.235
Afskriftarhlutföll	1,5%	4 - 10%	5 - 20%	

	Fasteignir og lóðir	Gatna-,veitu og hafnar mannvirki	Áhöld og tæki	Samtals
A og B hluti				
Heildarverð 1.1.2021	1.019.182	418.857	149.203	1.587.242
Afskrifað áður	(366.369)	(216.666)	(73.128)	(656.163)
Bókfært verð 1.1.2021	652.813	202.191	76.075	931.079
Viðbót á árinu	8.813	(7.272)	453	1.995
Endurmat lóða og lendna	19.868	0	0	19.868
Selt á árinu	0	(8.900)	(1.099)	(9.999)
Afskrifað á árinu	(11.033)	(8.698)	(13.003)	(32.734)
Bókfært verð 31.12.2021	670.461	177.320	62.426	910.208
Samtals heildarverð 31.12.2021	1.047.863	401.127	149.656	1.598.646
Afskrifað samtals	(377.402)	(223.807)	(87.230)	(688.439)
Bókfært verð 31.12.2021	670.461	177.320	62.426	910.208
Afskriftarhlutföll	1,5%	4 - 10%	5 - 20%	

Lóðir og lendur

Lóðir og lendur sveitarfélagsins sem það hefur leigutekjur af eru endurmetnar í árslok 2021 til samræmis við álit reikningssskilanevndar sveitarfélaga nr. 2/2010 þar sem breyting gangvirðis var yfir 5%

Skýringar, frh.:

8. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

b. Fjárfesting

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu sundurliðast þannig:

	Fjárfesting 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Mismunur frá áætlun
A hluti			
Fasteignir:			
Leikskóli	1.162	1.500	338
Grunnskóli	3.392	3.000	(392)
Íþróttamiðstöð	1.899	1.600	(299)
Höfðagata 3	869	1.587	718
Hafnarbraut 25	963	925	(38)
	<u>8.285</u>	<u>8.612</u>	<u>327</u>
Bifreiðar, áhöld og tæki:			
Innanstokksmunir	453	0	(453)
	<u>8.738</u>	<u>8.612</u>	<u>(126)</u>
B hluti			
Hafnarsjóður:			
Vígtarhús	528	0	(528)
Hafnarframkvæmdir	29.277	3.500	(25.777)
Hafnarframkvæmdir, ríkisframlag	(26.622)	0	26.622
	<u>3.183</u>	<u>3.500</u>	<u>317</u>
Vatnsveita			
Vatnsveituf framkvæmdir	981	650	(331)
Veitustofnun			
Ljósleiðari	1.544	0	(1.544)
Styrkir	(12.451)	0	12.451
	<u>(10.907)</u>	<u>0</u>	<u>10.907</u>
Samtals A og B hluti	<u>1.995</u>	<u>12.762</u>	<u>10.767</u>

c. Fasteignamat og váttryggingaverð

Brunabótamat, fasteignamat og váttryggingaverð varanlegra rekstrarfjármuna skiptist þannig í árslok:

	A hluti	A og B hluti
Brunabótamat fasteigna.....	1.336.843	1.487.043
Fasteignamat.....	583.838	636.728
Váttryggingaverðmæti lausafjármuna.....	123.150	125.350
Váttryggingaverðmæti hafna.....		919.494
Váttryggingaverðmæti veitumannvirkja.....		498.085

9. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

	Eignarhlutur		Bókfært verð	
	A hluti	A og B hluti	A hluti	A og B hluti
Landskerfi bókasafna hf.	0,08%	0,08%	122	122
Fiskmarkaður Hólmavík hf.	28,20%	28,20%	305	305
Laugarhóll ehf.	2,85%	2,85%	916	916
Hornsteinar ehf.	44,16%	44,16%	7.508	7.508
Sorpsamlag Strandasýslu ehf.	72,63%	72,63%	14.701	-
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.	0,45%	0,45%	39.648	39.648
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum samtals.....			63.200	48.499

10. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjors A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og er framlag í lífeyrisaukasjóðs gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

Fyrirframgreidd framlög vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð á árinu 2021 eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Sá hluti sem verður gjaldfærður á árinu 2022 er færður meðal veltufjármuna, en það sem kemur til gjaldfærslu síðar er fært meðal fastafjármuna. Gjaldfærslur vegna uppgjorsins eru færðar meðal launa og launatengdra gjalda í rekstrarreikningi.

Gjaldfærslur vegna uppgjorsins og staða fyrirframgreiðslunnar greinast þannig á árinu:

	A hluti	A og B hluti
Staða fyrirframgreiðslu í ársbyrjun.....	22.228	23.263
Gjaldfært á árinu	(888)	(942)
Staða fyrirframgreiðslu í árslok.....	21.340	22.321

Fyrirframgreiðsla greinist þannig í efnahagsreikningi:

Næsta árs gjaldfærsla, færð meðal veltufjármuna.....	888	942
Langtímahluti fyrirframgreiðslu.....	20.452	21.379
Samtals í efnahagsreikningi.....	21.340	22.321

Fyrirframgreiðsla greinist þannig í árslok:

Framlag í lífeyrisaukasjóð.....	19.438	19.837
Framlag í varúðarsjóð.....	1.902	2.484
	21.340	22.321

Við útreikning á skuldaviðmiði er heimilt að draga frá bókfært verð fyrirframgreiðslu til Brúar lífeyrissjóðs.

Skýringar, frh.:

11. Skammtímakröfur

Óinnheimtar tekjur greinast þannig:

	A hluti	A og B hluti
Óinnheimtar skatttekjur, heild.....	42.454	42.454
Niðurfærsla óinnheimtra skatttekna.....	(7.500)	(7.500)
Óinnheimtar skatttekjur að frádreginni niðurfærslu.....	34.954	34.954
Óinnheimtar aðrar tekjur, heild	22.239	28.768
Niðurfærsla óinnheimta annarra tekna	(2.000)	(2.000)
Óinnheimtar aðrar tekjur að frádreginni niðurfærslu	20.239	26.768
Óinnheimtar tekjur í árslok.....	55.193	61.722

Niðurfærsla óinnheimtra tekna greinist þannig:

	A hluti			B hluti	A og B hluti
	Skatttekjur	Aðrar tekjur	Samtals	Aðrar tekjur	Samtals
Niðurfærsla í ársbyrjun	7.000	3.500	10.500	0	10.500
Afskrifað á árinu	0	(3.024)	(3.024)	0	(3.024)
Niðurfærsla, breyting á árinu	500	1.524	2.024	0	2.024
Niðurfærsla í árslok	7.500	2.000	9.500	0	9.500

12. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

	A hluti	A og B hluti
Eigið fé 1.1.2021	334.630	246.398
Endurmat lóða og lendna	19.868	19.868
Rekstrarniðurstaða ársins	(27.984)	(39.475)
Eigið fé 31.12. 2021	326.514	226.791

Yfirlit um hlutdeild minnihluta í eigin fé:

Hlutdeild minnihluta í eigin fé í ársbyrjun	0	1.575
Hlutdeild minnihluta í afkomu Sorpsamlags Strandasýslu ehf.	0	(1.485)
Hlutdeild minnihluta í eigin fé í árslok	0	90

13. Lífeyrisskuldbinding

Á sveitarfélaginu hvílir skuldbinding vegna verðbóta á lífeyrisréttindi starfsmanna sveitarfélagsins. Hækkun ársins á lífeyrisréttindum sem byggð er á útreikningi tryggingastærðfræðings er færð í rekstrarreikningi og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Greiddur lífeyrir er færður til lækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Breyting lífeyrisskuldbindingar greinist þannig:

	A og B hluti
Lífeyrisskuldbinding 1.1.2021	44.443
Framlag vegna lífeyrisgreiðslna	(640)
Hækkun lífeyrisskuldbindingar á árinu	10.312
Lífeyrisskuldbinding í árslok 2021	54.115
Skammtímahluti lífeyrisskuldbindingar	(794)
Langtímahluti lífeyrisskuldbindingar í árslok 2021	53.321

Skýringar, frh.:

13. Lífeyrisskuldbinding frh.

Núvirði áætlaðra greiðslna vegna lífeyrisskuldbindingar greinist þannig á næstu árs:

Árin 2022-2026	4.986
Árin 2027-2031	9.328
Árin 2032-2036	10.979
Síðar	28.822
	<u>54.115</u>

14. Skuldir við lánastofnanir

Breyting langtímalána á árinu greinist þannig:

	Óverðtryggð lán	Verðtryggð lán	Samtals
A hluti			
Staða lána í ársbyrjun	13.331	522.580	535.912
Ný lán.....	0	104.800	104.800
Afborganir af lánum	(1.414)	(81.820)	(83.234)
Verðbætur og gengismunur	0	22.814	22.814
	<u>11.917</u>	<u>568.374</u>	<u>580.293</u>
Næsta árs afborganir.....	(1.000)	(51.743)	(52.743)
Langtímaskuldir í árslok.....	<u>10.917</u>	<u>516.631</u>	<u>527.549</u>

A og B hluti

Staða lána í ársbyrjun	13.331	686.186	699.516
Ný lán.....	0	112.300	112.300
Afborganir af lánum	(1.414)	(90.171)	(91.585)
Verðbætur og gengismunur	0	31.133	31.133
	<u>11.917</u>	<u>739.448</u>	<u>751.363</u>
Næsta árs afborganir.....	(1.000)	(60.034)	(61.034)
Langtímaskuldir í árslok.....	<u>10.917</u>	<u>679.414</u>	<u>690.330</u>

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

	A hluti	A og B hluti
Árið 2022	52.743	61.034
Árið 2023	48.239	56.617
Árið 2024	46.215	54.682
Árið 2025	46.837	55.394
Árið 2026	39.716	48.365
Síðar	346.543	475.271
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	<u>580.293</u>	<u>751.363</u>

15. Heildaryfirlit um samantekna fjárhagsstöðu A og B hluta í árslok

Eignir, skuldir og eigið fé sveitarfélagsins greinist þannig:

	Eignarhluti	Eignir	Skuldir	Eigið fé
A-hluti	100%	1.029.239	702.725	326.514
Hafnarsjóður	100%	45.082	80.416	(35.335)
Vatnsveita	100%	40.847	27.275	13.571
Veitustofnun	100%	16.272	29.741	(13.469)
Fráveita	100%	25.717	38.406	(12.689)
Félagslegar íbúðir	100%	14.044	51.384	(37.340)
Sorpsamlag Strandasýslu ehf.	72,63%	24.165	23.926	239
Millifærslur, innbyrðis staða		(115.059)	(100.358)	(14.701)
Samtals		1.080.306	853.516	226.791
Hlutdeild minnihlutaeigenda		9.106	9.016	90
Heildarstaða sveitarfélagsins í árslok		1.089.413	862.532	226.881

16. Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Sveitarfélagið er ásamt öðru sveitarfélögum aðili að eftirtöldum byggðasamlögum og öðrum samstarfsverkefnum:

Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps
Fjórðungssamband Vestfirðinga
Byggðasamlag Vestfjarðar

Sveitarfélagið ber hlutfallslega ábyrgð á skuldum og skuldbindingum byggðasamlaganna og samstarfsverkefnanna miðað við íbúatölu.

17. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í sveitarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila ná eingöngu til hefðbundinnar þjónustu sem sveitarfélagið veitir og opinberra gjalda sem lögð eru á tengda aðila á árinu. Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

18. Áhrif Covid-19

Covid-19 heimsfaraldurinn sem gengið hefur yfir undanfarna mánuði hefur haft veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim þar með talið efnahagsleg.

Áhrif faraldursins á rekstur sveitarfélagsins á árinu voru ekki veruleg.

19. Horfur í rekstri

Rekstur sveitarfélagsins hefur verið þungur undanfarin ár og hafa stjórnendur leitað leiða til að tryggja rekstrarhæfi þess til lengri tíma. Aðgerðir þær sem farið hefur verið í felast í auknu kostnaðaraðhaldi og niðurskurði, endurfjármögnun langtímalána auk þess sem leitað hefur verið til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um viðbótarframlög í ljósi fjárhagsstöðu.

Þar sem veltufjármunir duga ekki til greiðslu skammtímaskulda sem á sveitarfélaginu hvíla hefur sveitarstjórn leitað leiða til að tryggja fjármögnun þess hluta sem uppá vantar.

20. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Í apríl 2021 sagði sveitarstjórn Strandabyggðar sveitarstjóra upp störfum og lét hann af störfum strax. Sveitarstjórinn gerði kröfur um bætur vegna uppsagnarinnar. Þann 7. apríl 2022 féll dómur í Hérðasdómi Vestfjarða þar sem Strandabyggð var sýknuð af kröfu fyrrverandi sveitarstjóra um greiðslu biðlauna. Strandabyggð var hins vegar dæmd til að greiða fyrrverandi sveitarstjóra 500.000 kr. í miskabætur. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um áfrýjun málsins.

Skýringar, frh.:

21. Lykiltölur

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs.

	Áætlun m. viðaukum		Ársreikningar			
	2021	2021	2020	2019	2018	2017
Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlagá:						
Jafnvægisregla - rekstrarjöfnuður.....	(82.355)	(103.444)	(88.298)	(47.756)	1.635	(1.706)
Skuldaviðmið, skv. reglugerð *.....	70%	72%	76%	71%	59%	63%
Ýmsar lykiltölur						
Í hlutfalli við rekstrartekjur:						
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	7,9 %	6,1 %	4,0 %	2,9 %	6,1 %	7,6 %
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	(1,1%)	(4,3%)	(6,0%)	(6,6%)	(2,1%)	0,6 %
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	6,0 %	4,4 %	(1,5%)	(0,4%)	3,2 %	4,7 %
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfj.....	1,3 %	1,3 %	5,8 %	8,2 %	9,3 %	13,0 %
Skuldahlutfall.....	97,9 %	107,0 %	109,3 %	99,8 %	88,7 %	76,9 %
Önnur hlutföll						
Langtímaskuldir í hlutfalli við veltufé frá rekstri mælt í árum	9,84	18,19	(52,93)	(163,92)	19,13	11,78
Veltufé frá rekstri í hlutfalli við afborganir skulda og skuldbindinga.....	0,75	0,54	(0,20)	(0,06)	0,44	1,00
Veltufjárhlutfall	0,60	1,50	1,18	0,80	1,07	1,67
Eiginfjárhlutfall	35,7 %	31,7 %	33,5 %	38,8 %	43,6 %	47,4 %
Í hlutfalli við rekstrartekjur:						
Útsvar	39,2 %	40,4 %	41,3 %	42,4 %	41,0 %	37,4 %
Fasteignaskattur	4,7 %	4,5 %	4,9 %	4,9 %	4,3 %	4,0 %
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	35,8 %	36,5 %	32,5 %	34,7 %	39,3 %	39,9 %
Lóðarleiga.....	1,1 %	1,1 %	1,1 %	1,2 %	1,1 %	1,0 %
Skatttekjur samtals.....	80,8 %	82,4 %	79,9 %	83,1 %	85,6 %	82,3 %
Aðrar tekjur	19,2 %	17,6 %	20,1 %	16,9 %	14,4 %	17,7 %
Rekstrartekjur samtals	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %
Laun og launatengd gjöld	(57,2%)	(57,6%)	(57,2%)	(58,8%)	(58,5%)	(56,3%)
Lífeyrisskuldbinding, hækkun	(0,6%)	(1,6%)	(0,7%)	(0,6%)	(0,4%)	(0,4%)
Annar rekstrarkostnaður	(34,3%)	(34,7%)	(38,0%)	(37,7%)	(35,0%)	(35,7%)
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	7,9 %	6,1 %	4,0 %	2,9 %	6,1 %	7,6 %
Afskriftir	(4,2%)	(3,6%)	(4,0%)	(3,9%)	(3,0%)	(2,6%)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(4,8%)	(6,8%)	(6,0%)	(5,6%)	(5,2%)	(4,4%)
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	(1,1%)	(4,3%)	(6,0%)	(6,6%)	(2,1%)	0,6 %

* Útreikningur skuldaviðmiðs miðar við gildandi reglur fyrir hvert ár (síðasta breyting tók gildi á árinu 2018).

Skýringar, frh.:

21. Lykiltölur, frh.:

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs, frh.

	Áætlun m. viðaukum		Ársreikningar			
	2021	2021	2020	2019	2018	2017
Í þúsundum krónum á íbúa:						
Rekstur:						
Skatttekjur.....	1.212	1.271	1.118	1.074	1.137	1.108
Aðrar tekjur	288	271	282	218	192	238
Laun og launatengd gjöld	(858)	(888)	(801)	(760)	(777)	(757)
Lífeyrisskuldbinding, hækkun	(9)	(24)	(10)	(8)	(6)	(6)
Annar rekstrarkostnaður.....	(514)	(535)	(533)	(487)	(465)	(480)
Afskriftir.....	(63)	(55)	(55)	(51)	(40)	(34)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(72)	(104)	(85)	(73)	(69)	(59)
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð)	(16)	(66)	(84)	(85)	(28)	9
Efnahagur:						
Eignir	2.283	2.416	2.300	2.108	2.087	1.968
Eigið fé	815	766	769	818	909	933
Skuldir og skuldbindingar	1.468	1.650	1.530	1.290	1.178	1.035
Sjóðstreymi:						
Veltufé frá rekstri	90	68	(21)	(5)	43	64
Handbært fé frá rekstri.....	90	66	(112)	56	(49)	129
Íbúafjöldi:						
Íbúafjöldi 1. desember.....	426	426	435	454	451	449

Skýringar, frh.:

21. Lykiltölur, frh.:

Yfirlit um lykiltölur A og B hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs.

	Áætlun m. viðaukum		Ársreikningar			
	2021	2021	2020	2019	2018	2017
Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga:						
Jafnsvægisregla - rekstrarjöfnuður.....	(80.967)	(130.668)	(97.236)	(51.753)	723	(1.240)
Skuldaviðmið, skv. reglugerð *.....	93%	101%	109%	104%	85%	86%
Ýmsar lykiltölur						
Í hlutfalli við rekstrartekjur:						
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	12,2 %	6,8 %	5,1 %	4,1 %	8,5 %	8,3 %
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	1,4 %	(5,7%)	(6,9%)	(7,5%)	(0,9%)	0,1 %
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	9,8 %	5,4 %	(0,8%)	(0,1%)	3,6 %	5,0 %
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfj.....	1,8 %	0,3 %	6,9 %	9,6 %	14,1 %	12,9 %
Skuldahlutfall.....	113,3 %	123,8 %	127,7 %	119,8 %	103,5 %	89,2 %
Önnur hlutföll						
Langtímaskuldir í hlutfalli við veltufé frá rekstri mælt í árum	7,67	18,33	(126,13)	(1.122,86)	21,25	13,67
Veltufé frá rekstri í hlutfalli við afborganir skulda og skuldbindinga.....	1,06	0,61	(0,09)	(0,01)	0,45	0,90
Veltufjárhlutfall	0,61	0,92	0,54	0,32	0,56	0,77
Eiginfjárhlutfall	25,6 %	20,8 %	23,0 %	28,1 %	32,8 %	36,4 %
Í hlutfalli við rekstrartekjur:						
Útsvar	35,4 %	38,1 %	38,8 %	39,8 %	36,2 %	33,5 %
Fasteignaskattur	4,2 %	4,1 %	4,5 %	4,4 %	3,6 %	3,5 %
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	32,4 %	34,4 %	30,5 %	32,6 %	34,8 %	35,7 %
Lóðarleiga.....	1,0 %	1,0 %	1,1 %	1,1 %	0,9 %	0,9 %
Skatttekjur samtals.....	72,9 %	77,5 %	74,9 %	77,9 %	75,6 %	73,6 %
Aðrar tekjur	27,1 %	22,5 %	25,1 %	22,1 %	24,4 %	26,4 %
Rekstrartekjur samtals	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %
Laun og launatengd gjöld	(54,8%)	(57,8%)	(57,6%)	(58,7%)	(54,9%)	(53,5%)
Lífeyrisskuldbinding, hækkun	(0,5%)	(1,5%)	(0,7%)	(0,6%)	(0,4%)	(0,4%)
Annar rekstrarkostnaður	(32,5%)	(33,9%)	(36,5%)	(36,7%)	(36,2%)	(37,8%)
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	12,2 %	6,8 %	5,1 %	4,1 %	8,5 %	8,3 %
Afskriftir	(5,2%)	(4,7%)	(5,2%)	(5,2%)	(4,0%)	(3,3%)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(5,5%)	(8,0%)	(6,9%)	(6,6%)	(5,6%)	(4,8%)
Hlutdeild í hlutdeildarfélagum.....	0,0 %	0,2 %	0,1 %	0,3 %	0,2 %	(0,1%)
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	1,4 %	(5,7%)	(6,9%)	(7,5%)	(0,9%)	0,1 %

* Útreikningur skuldaviðmiðs miðar við gildandi reglur fyrir hvert ár (síðasta breyting tók gildi á árinu 2018).

Skýringar, frh.:

21. Lykiltölur, frh.:

Yfirlit um lykiltölur A og B hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs, frh.

Í þúsundum krónum á íbúa:	Áætlun m.	Ársreikningar					
	viðaukum	2021	2021	2020	2019	2018	2017
Rekstur:							
Skatttekjur.....	1.211	1.268	1.117	1.073	1.134	1.106	
Aðrar tekjur	449	367	375	304	367	398	
Laun og launatengd gjöld	(909)	(946)	(860)	(808)	(824)	(804)	
Lífeyrisskuldbinding, hækkun	(9)	(24)	(10)	(8)	(6)	(6)	
Annar rekstrarkostnaður.....	(539)	(555)	(545)	(505)	(544)	(568)	
Afskriftir.....	(87)	(77)	(77)	(72)	(60)	(49)	
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(92)	(130)	(103)	(91)	(85)	(73)	
Hlutdeild í hlutdeildarfélagum.....	0	3	2	4	3	(1)	
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð)	24	(93)	(102)	(103)	(13)	2	
Efnahagur:							
Eignir	2.528	2.557	2.475	2.295	2.311	2.109	
Eigið fé	647	533	570	646	758	769	
Skuldir og skuldbindingar	1.881	2.025	1.904	1.650	1.554	1.340	
Sjóðstreymi:							
Veltufé frá rekstri	163	88	(12)	(1)	54	75	
Handbært fé frá rekstri.....	163	86	(110)	88	(36)	119	
Íbúafjöldi:							
Íbúafjöldi 1. desember.....	426	426	435	454	451	449	

Skýringar, frh.:

21. Lykiltölur, frh.

Í yfirliti þessu er borin saman ráðstöfun skatttekna til einstakra málaflokka í A hluta síðustu þrjú ár. Þjónustutekjur og aðrar tekjur sem tilheyra einstökum málaflokkum hafa verið dregnar frá gjöldum viðkomandi málaflokks. Fjárhæðir eru í þús. kr. og á verðlagi hvers árs.

	2021	Hlutfall af skattt.	2020	Hlutfall af skattt.	2019	Hlutfall af skattt.
Aðalsjóður						
Skatttekjur	547.931	100,0%	491.992	100,0%	493.074	100,0%
Félagsþjónusta	(33.263)	(6,1%)	(35.084)	(7,1%)	(33.211)	(6,7%)
Heilbrigðismál	(811)	(0,1%)	(800)	(0,2%)	(1.229)	(0,2%)
Fræðslu- og uppeldismál	(287.145)	(52,4%)	(264.859)	(53,8%)	(257.569)	(52,2%)
Menningarmál	(13.773)	(2,5%)	(12.506)	(2,5%)	(12.001)	(2,4%)
Æskulýðs- og íþróttamál	(81.889)	(14,9%)	(72.689)	(14,8%)	(76.732)	(15,6%)
Brunamál og almannavarnir	(18.966)	(3,5%)	(17.540)	(3,6%)	(10.407)	(2,1%)
Hreinlætismál	(6.556)	(1,2%)	(9.484)	(1,9%)	(8.289)	(1,7%)
Skipulags- og byggingarmál	(11.021)	(2,0%)	(9.360)	(1,9%)	(9.840)	(2,0%)
Umferðar- og samgöngumál	(3.592)	(0,7%)	(13.639)	(2,8%)	(11.612)	(2,4%)
Umhverfismál	(8.516)	(1,6%)	(11.857)	(2,4%)	(10.266)	(2,1%)
Atvinnumál	631	0,1%	(4.660)	(0,9%)	(1.575)	(0,3%)
Sameiginlegur kostnaður	(66.806)	(12,2%)	(64.932)	(13,2%)	(64.110)	(13,0%)
Br.lífeyrisskuldb., framlag til Brúar	(11.201)	(2,0%)	(5.410)	(1,1%)	(4.340)	(0,9%)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld ...	(4.518)	(0,8%)	(5.418)	(1,1%)	(6.675)	(1,4%)
Aðalsjóður samtals	505	0,1%	(36.245)	(7,4%)	(14.784)	(3,0%)
Aðrir sjóðir í A hluta						
Eignasjóður	(28.710)	(5,2%)	(705)	(0,1%)	(19.875)	(4,0%)
Þjónustustöð	221	0,0%	274	0,1%	(4.124)	(0,8%)
A hluti samtals	(27.984)	(5,1%)	(36.677)	(7,5%)	(38.783)	(7,9%)

Skýringar, frh.:

22. Samanburður rekstraráætlana

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir rekstraráætlun fyrir árið 2021 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	A hluti			A og B hluti		
	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum
Rekstrartekjur						
Útsvar og fasteignaskattur	271.185	16.195	287.380	270.257	16.443	286.700
Framlög Jöfnunarsjóðs	176.600	52.409	229.009	176.600	52.409	229.009
Aðrar tekjur	113.725	8.814	122.539	186.250	5.214	191.464
	<u>561.510</u>	<u>77.418</u>	<u>638.928</u>	<u>633.107</u>	<u>74.066</u>	<u>707.173</u>
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld	346.722	18.948	365.670	369.731	17.639	387.370
Lífeyrisskuldbinding	1.396	2.454	3.850	1.396	2.454	3.850
Annar rekstrarkostnaður	213.233	5.803	219.036	244.097	(14.376)	229.721
	<u>561.351</u>	<u>27.205</u>	<u>588.556</u>	<u>615.224</u>	<u>5.717</u>	<u>620.941</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	159	50.213	50.372	17.883	68.349	86.232
Afskriftir	(26.748)	(52)	(26.800)	(36.890)	(104)	(36.994)
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	(26.589)	50.160	23.571	(19.007)	68.245	49.238
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(36.289)	5.823	(30.466)	(44.518)	5.505	(39.013)
Hlutdeild minnihluta í afkomu	0	0	0	0	0	0
Framlög frá, (til) eigin sjóða	0	0	0	0	0	0
Tekjuskattur	0	0	0	0	0	0
Rekstrarniðurstaða	<u>(62.878)</u>	<u>55.983</u>	<u>(6.895)</u>	<u>(63.525)</u>	<u>73.750</u>	<u>10.225</u>

Skýringar, frh.:

22. Samanburður sjóðstreymisáætlana

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir sjóðstreymisáætlun fyrir árið 2021 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í sjóðstreymisyfirliti og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	A hluti			A og B hluti		
	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum
Rekstrarhreyfingar						
Rekstrarniðurstaða	(62.878)	55.983	(6.895)	(63.525)	73.750	10.225
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Afskriftir	26.748	52	26.800	36.890	104	36.994
Verðbætur	13.376	901	14.277	15.783	2.357	18.140
Söluhagnaður	3.000	(2.900)	100	3.000	(2.900)	100
Hlutdeild minnihluta			0	0	0	0
Hækkun á lífeyrisskuldbindingu	1.396	2.454	3.850	1.396	2.454	3.850
Veltufé frá rekstri	(18.358)	56.491	38.133	(6.456)	75.765	69.309
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:						
Óinnh. skatt. (hækkun), lækkun	0	0	0	0	0	0
Aðrar skammtímakr. (hækkun)	0	0	0	0	0	0
Skammtímaskuldir lækkun	0	0	0	0	0	0
Fyrirframgreiðsla til Brúar	888	0	888	942	0	942
Samtals	888	0	888	942	0	942
Handbært fé frá rekstri	(17.470)	56.491	39.021	(5.514)	75.765	70.251
Fjárfestingarhreyfingar						
Fjárfesting í varanlegum						
rekstrarfjármunum	(6.800)	(1.812)	(8.612)	(12.450)	(312)	(12.762)
Eignarhlutir breyting	(3.000)	3.916	916	(3.000)	3.916	916
Söluverð rekstrarfjármuna	0	800	800		5.050	5.050
Langtímakröfur breyting.....	0	0	0	0	0	0
Langtímakr. á eigin ft. breyting.....	0	0	0	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar	(9.800)	2.904	(6.896)	(15.450)	8.654	(6.796)
Fjármögnunarhreyfingar						
Skuldir við lánastofnanir.....	5.475	(5.475)	0	5.475	(5.475)	0
Viðskiptast. eigin ft., breyting.....	2.271	29.079	31.350	0	0	0
Tekin ný langtímalán.....	68.500	36.300	104.800	76.000	36.300	112.300
Afborganir langtímalána	(47.006)	(646)	(47.652)	(59.095)	3.962	(55.133)
Fjármögnunarhreyfingar	29.240	58.625	87.865	22.380	34.154	56.534
Hækkun á handbæru fé.....	1.970	118.020	119.990	1.416	118.573	119.989
Handbært fé í ársbyrjun.....	0	149	149	0	149	149
Handbært fé í árslok.....	1.969	118.169	120.139	1.416	118.722	120.138